

**Nr. 17-026 S 016 Hákon EA 148*****Efnastlys***

Skipaskr.nr. 2407 IMO nr. 9212357  
Smíðaður: Stál, Talacahuano Chile, 2001  
Stærð: 1553,6 brl. 3003 bt.  
Mesta lengd: 76,2 m Skráð lengd: 65,95 m  
Breidd: 14,4 m Dýpt: 9,6 m  
Vél: MaK, 5400 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 24



Hákon©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 20. febrúar 2017 var Hákon EA 148 á siglingu út af Fáskrúðsfirði Veður: VNV 1,5 m/sek.

Verið var að gangsetja frystikerfið, sem staðsett var fram í skipinu, þegar ammoníak kom upp um aflestunarlögn fyrir öryggisloka. Vélstjóri, sem staðsettur var á þilfarinu, fékk dropa af því í annað augað. Samkvæmt læknisráði var augað skolað vel.

***Við rannsókn kom fram:***

- að vélstjórar voru að gangsetja frystikerfið eftir að það hafði staðið óhreyft í tvo mánuði;
- að til að létta á frystipressunum í gangsetningu var lofti hleypt af vökvageymi inn á aflestunarlögn fyrir öryggisloka sem lá frá þilfari og upp í formastur skipsins þar sem hún var opin;
- að ammoníak komst inn í lögnina sem orsakaði þennslusprengringu upp rörið sem úðaði ammoníaki yfir þilfarið þar sem vélstjórinn stóð.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.